

Stefna um ábyrgar fjárfestingar



Hlutverk Stefnis

Hlutverk Stefnis hf. er að stýra fjármunum í eigu viðskiptavina með hagsmuni þeirra að leiðarljósi.

Ábyrgir, fjölbreyttir fjárfestingakostir og ítarleg upplýsingagjöf eru lykilatriði í framkvæmd og sýnileika þeirrar samfélagslegu ábyrgðar sem Stefnir vill sýna. Með því að taka tillit til umhverfismála, félagslegra þátta og góðra stjórnarháttanna teljum við að við getum haft jákvæð áhrif á samfélag okkar, eigendum í sjóðum og öðrum haghöfum til góðs.

Stoðir ábyrgra fjárfestinga

Sem aðili að PRI hefur Stefnir skuldbundið sig opinberlega til að innleiða og útfæra reglur PRI um ábyrgar fjárfestingar. Reglurnar fela m.a. í sér að við fjárfestingarákvarðanir eru umhverfismál, félagslegir þættir og góðir stjórnarhættir hluti af ákvarðanatöku.

Fjárfestingarákvarðanir byggja á lögum, reglum og innri reglum m.a. um meðferð umboðsatkvæða, verklagsreglur um áreiðanleikakönnun gagnaðila og viðmið um áreiðanleikakönnun í sjóðum Stefnis. Einnig er stuðst við útgefna reglur á alþjóða vettvangi s.s. reglur OECD um stjórnarhætti.



Aðferðafræði við samval fjárfestinga í verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum

Við sjóðastýringu verðbréfa- og fjárfestingarsjóða skal ávallt vanda til greiningar og heildarmats við val á fjárfestingum sjóða. Allar ákvarkaðnr skulu teknar með hagsmuni hlutdeildarskirteinishafa að leiðarljósi. Fullnægjandi skilningur og þekking á þeim fjárfestingarkostum sem standa sjóðunum til boða skal vera til staðar í upphafi fjárfestingar og yfir fjárfestingartímabil hennar, þar með talin þau umhverfismál, félagslegu þættir og stjórnarhættir sem hafa áhrif á samfélag okkar til skemmri og lengri tíma. Erlendir hlutabréfasjóðir í stýringu Stefnis nýta sér m.a. greiningar erlendra þjónustuaðila á sviði umhverfismála, félagslegra þátta og stjórnarháttá við mat á fjárfestingum í erlendum hlutafélögum.

Sérhæfðar fjárfestingar og fagfjárfestasjóðir

Við áreiðanleikakönnun í sérhæfðum fjárfestingarkostum er sérstaklega hugað að málefnum stjórnarháttá. Þar sem Stefnir kemur með beinum hætti að rekstri félaga í gegnum eignarhald sjóða í stýringu félagsins og tilefni er til umbóta og stefnumótunar á sviði umhverfismála, félagslegra þátta eða stjórnarháttá skulu fulltrúar félagsins beita sér fyrir þeim þáttum öllum haghöfum til góðs. Góðir stjórnarhættir eru ávallt innleiddir í þeim félögum þar sem Stefnir fer með eignarhlut í félögum fyrir hönd viðskiptavina í sérhæfðum sjóðum.

Stjórnarhættir, gagnsæi og upplýsingagjöf

Stjórn Stefnis hefur tileinkað sér góða stjórnarhætti og hefur einsett sér að stuðla að og styðja við ábyrga hegðun og fyrirtækjamenningu innan Stefnis til hagsbóta fyrir alla hagsmunaaðila félagsins. Siðareglur og stefna félagsins um hagsmunaárekstra styðja einnig við þá ábyrgu fyrirtækjamenningu sem er ríkjandi innan Stefnis og unnið er að að innleiða í þeim félögum sem Stefnir kemur að með eignarhaldi sjóða.

Stefnir mun ekki útiloka fjárfestingarkosti á þeirri forsendu að umhverfismál, félagslegir þættir og góðir stjórnarhættir séu ekki fullnægjandi heldur tala fyrir, styðja við og ýta undir jákvæða þróun í málaflokkunum tengdum fjárfestingarkostum sjóða félagsins.

Stefnir mun upplýsa eigendur í sjóðum um hvernig félagið hefur beitt sér og náð árangri í ábyrgum fjárfestingum samhliða birtingu yfirlýsingu um stjórnarhætti sem er aðgengileg á heimasíðu félagsins.